



Vegamál á Norðurlandi – brýnustu verkefni og áherslur

Samgöngur og ferðaþjónusta eru órjúfanlegir þættir. Þetta sagði ráðherra ferðamála nýlega þegar hún kynnti nýjan vegvísi í ferðaþjónustu sem unninn var af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Samtökum ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónusta byggist á möguleikum fólks til að ferðast á milli staða. Uppbygging og þróun ferðaþjónustu byggir þannig á því samgöngukerfi sem er til staðar á hverju svæði, sama hvort um er að ræða samgöngur í lofti, á láði eða legi.

Þegar kemur að samgöngum á landi, vegsamgöngum, þá búum við hér á Íslandi við nokkuð víðfeðmt vegakerfi. Það eru m.ö.o. vegir til flestra þeirra staða sem við viljum komast til. Gerð og gæði þessara vega eru þó afar mismunandi. Með mikilli aukningu umferðar, sem fyrst og fremst er vegna stöðugrar fjölgunar ferðamanna, þá eru margir vegir ekki nógu góðir til að taka við þessari sívaxandi umferð. Mörg dæmi eru um að vondar vegsamgöngur séu orðnar hamlandi fyrir framgang ferðaþjónustu og möguleika til framtíðar þróunar. Brýn þörf er því á frekari uppbyggingu og öflugra viðhaldi vegakerfisins svo það geti borið vaxandi umferð komandi ára. Við þá uppbyggingu þarf að horfa til þess hvernig er best að stýra umferð ferðamanna þannig að hún dreifist um allt land. Betri dreifing ferðafólks tryggir betri nýtingu innviða og fjárfestingar um allt land og skapar ánægjulegri upplifun fyrir ferðamenn. Öflugt vegakerfi skapar einnig betri lífskjör fyrir heimafólk.

Markaðsstofa Norðurlands hélt í september og október 2015 átta fundi um vegamál um allt Norðurland. Tilgangur fundanna var að fá beint frá ferðaþjónustuaðilum á hverju svæði hvar þörfin er brýnust fyrir úrbætur í vegamálum og hvaða verkefni ætti að setja í forgang. Boðaðir voru ferðaþjónustuaðilar og sveitarstjórnarmenn á hverju svæði og þeim gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Auk þessara funda hefur Markaðsstofan átt samtál við fjölmarga hagsmunaaðila í greininni um málefnið. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum þessara samtala og dregnar saman helstu áherslur.

Þess ber að geta að eitt stórt verkefni er ekki tilgreint í umfjölluninni hér á eftir, en það eru Vaðlaheiðargöng. Ástæðan er sú að það verkefni er nú í fullum gangi og búið að ákveða að ljúka því verki. Það er rétt að halda því hér til haga að Vaðlaheiðargöng munu hafa gríðarleg jákvæð áhrif þegar þau opna, bæði fyrir heimafólk og ferðaþjónustuaðila. Göngin hafa ekki bara í för með sér styttingu leiða, heldur munu þau auka til muna umferðaröryggi vegfarenda, einkum að vetrarlagi. Víkurskarð er annar fjölfarnasti fjallvegur landsins, en lokast oft á hverjum vetri vegna slæms veðurs og snjóá. Jafnframt mun með Vaðlaheiðargöngum opnast ný hringtenging sem ferðaþjónustuaðilar munu án efa nýta sér.

Rauðu þræðirnir

Niðurstöður funda okkar og samtala endurspeglast í eftirfarandi meginatriðum:

- Nokkrar stórar framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að mæta mikilli umferð og opna mikilvægar hringtengingar
- Aukið viðhald á vegakerfinu, sérstaklega malarvegum
- Fjölgun áningarstaða og merkingar á þeim, bílastæði og klósett
- Miðlun upplýsinga til ferðamanna með skiltum, merkingum og annarri upplýsingagiöf
- Vetrarþjónusta og opnun hálendisvega



Stærri framkvæmdir

Það eru nokkur stór verkefni sem hafa afar mikla þýðingu fyrir uppbyggingu og framgang ferðaþjónustu á Norðurlandi. Þau eiga það sameiginlegt að fela í sér hringtengingar – bjóða upp á þann kost að aka í hring í stað þess að fara fram og til baka. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir möguleika á dreifingu umferðar og ferðafólks, því að það er margfalt auðveldara að selja fólki hugmynd um að ferðast eftir hringleið en sífellt fram og aftur eftir botnlangagötum.

Fyrst stórra verkefna ver að nefna Dettifossveg (862) sem hefur lengi staðið til að byggja upp en oft verið frestað. Að klára að byggja upp þennan veg með bundnu slitlagi sem allra fyrst er langstærsta hagsmunamál allra á austurhluta Norðurlands. Framkvæmdin mun hafa gríðarlega mikil áhrif á dreifingu ferðamanna og samkeppnishæfni svæðisins. Önnur stór verkefni á austurhluta Norðurlands eru að leggja bundið slitlag á Brekknaheiði (85), Kísilveg og veg um Bárðardal. Þar á eftir kemur vegur um Dalsmynni. Á öllum þessu stöðum þarf að byggja upp og koma á varanlegu slitlagi til að loka hringtengingum með góðum vegi. Umferð um þessa vegi er sívaxandi og langt frá því að núverandi malarslitlag dugi til þess að bera slíka umferð.

Norðurland eystra

Dettifossvegur
Brekkaheiði
Kísilvegur
Bárðardalur
Dalsmynni
Öskjuleið (F88)

Á vesturhluta Norðurlands er uppbygging vegar um Vatnsnes eitt stærsta verkefnið. Vegurinn þar er orðinn mjög fjölfarinn, en er gamall og erfitt að halda við, jafnvel hættulegur á köflum. Á hringnum um Vatnsnes eru margar náttúruperlur og ferðaþjónustufyrirtæki sem ferðamenn sækja til og nauðsynlegt að bæta vegsamgöngur þangað. Sama ástand er uppi á vegi um Hegranes í Skagafirði. Uppbygging Kjalvegur er mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuaðila og myndi hafa mikil jákvæð áhrif á frekari dreifingu ferðamanna um landið. Fólk við Gullfoss, einn fjölsóttasta ferðamannastað landsins, hefði þá sömu möguleika á að ferðast norður Kjöl eins og að snúa til baka. Þá eru ótalin verkefni sem snúa að uppbyggingu styttri vega að fjölsóttum áfangastöðum eins og vegur út Reykjaströnd, Þingeyravegur og vegur að skíðasvæðinu Tindastóli. Einnig liggur fyrir brýn þörf á bílastæði við Þrístapa og stækkun og lagfæringum á aðkomu og bílastæðum við Glaumbæ.

Norðurland vestra

Vatnsnesvegur
Þrístapar
Tindastóll, skíðasvæði
Glaumbær
Þingeyravegur
Kjalvegur

Hér hafa aðeins verið taldar upp nokkrar af mikilvægustu framkvæmdunum, en þær eru miklu fleiri sem ráðast þarf í. Í viðauka er listi yfir mun fleiri framkvæmdir sem heimafólk leggur áherslu á og eru mikilvægar fyrir framgang ferðaþjónustu. Sá listi er ekki tæmandi en gefur góða mynd af stöðu mála.

Aukið viðhald

Það er ljóst að ekki er hægt að byggja alla vegi upp á nýtt á sama tíma, það er langtímaverkefni og kostnaðarsamt og þarf því að skipuleggja vel. Samhliða áætlun um uppbyggingu þarf að vera gott skipulag á viðhaldi vegakerfisins, bæði fyrirbyggjandi viðhaldi nýrri vega sem og nauðsynlegu viðhaldi eldri vega sem ef til vill bíða endurnýjunar. Það er ljóst að undanfarin ár hefur fjármagn til viðhalds verið allt of lítið og er það að orsaka hraðari hnignun vegakerfisins en vera skildi. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu. Mikið af vegum landsins eru enn með malarslitlagi sem krefst mikils viðhalds. Til framtíðar er æskilegast að setja bundið slitlag á sem flesta þessa vegi, en meðan svo er ekki verður að vera til fjármagn til að hefла og bera ofaní malarvegina svo þeir séu boðlegir fyrir alla almenna umferð. Of mörg dæmi eru um skemmdir á ökutækjum og slys sem rekja má beint til bágs ástands malarvega.



Áningarstaðir, bílastæði, klósett

Ferðamenn sem heimsækja Ísland koma til þess að skoða náttúruna. Þegar þeir aka um vegi landsins vilja þeir stoppa oft og víða, taka myndir, njóta náttúrunnar og skoða sögufræga staði. Vegagerðin hefur byggt nokkra áningarstaði sem gerir fólki kleift að gera einmitt þetta, en þeir eru bara of fáir ennþá. Afar mikilvægt er að fjölga slíkum áningarstöðum, merkja þá vel og hafa við þá skilti með upplýsingum eftir því sem við á. Það eykur umferðaröryggi til muna sem og upplifun okkar gesta af ferðalaginu.

Þessu tengt er sífellt meiri þörf fyrir uppbyggingu innviða á borð við bílastæði, salerni og ruslatunnur. Þetta á við bæði á fyrrgreindum áningarstöðum, en einnig og ekki síður við fjölsóttu áfangastaði ferðamanna, þar sem ekki er til staðar önnur þjónusta fyrir. Ekki er alltaf skýrt hver ber ábyrgð á því að þessir hlutir séu til staðar, en þörfin fyrir þá er hins vegar skýr. Að mörgu leiti færi best á því að þessi mál væru á einni hendi, t.d. hjá Vegagerðinni sem hefði það hlutverk að sjá um uppbyggingu, viðhald og rekstur þessara þátta og fengi þá fjármagn sérstaklega til þess. Með því gætu merkingar og upplýsingagjöf verið samræmt, stöðluð góð salernisaðstaða og næg bílastæði. Eðlilegt væri að taka gjald fyrir notkun salerna og bílastæða á þessum stöðum.

Miðlun upplýsinga

Miðlun upplýsinga til ferðafólks er afar mikilvæg, bæði til að tryggja öryggi og bæta upplifun. Verulega má bæta við þær upplýsingar sem fólki birtast á skiltum og merkjum meðfram vegum landsins og á áningarstöðum. Heppilegast væri að hafa staðla fyrir hvaða upplýsingar eru birtar hvar, og hversu ítarlegar þær eiga að vera. Auka þarf við núverandi merkingar t.d. með því að bæta við fleiri áfangastöðum á vegmerkingar en bara endastöð. Þar ættu að vera merktir allir þéttbýliskjarnar auk helstu náttúruperla sem finna á á viðkomandi leið. Einnig má sjá fyrir sér að í framtíðinni verði merkingar á möguleikum til gistingar, afþreyingar og annarrar þjónustu samræmdar og settar upp á snyrtilegan hátt af Vegagerðinni.

Vetrarþjónusta og opnun hálandisvega

Öflug vetrarþjónusta er nauðsynleg til að ferðarþjónusta geti byggst upp á Íslandi sem heilsárs atvinnugrein um allt land. Bæta þarf mokstur á ýmsum leiðum sem lítið eru þjónustaðar nú þar sem þær þjóna fremur ferðamönnum en heimafólki yfir vetrarmánuðina. Má þar nefna leiðir eins og veg að Dettifossi og leiðina út á Reykjaströnd. Það er forsenda þess að við getum dreift umferð ferðamanna um landið allt árið. Einnig þarf að tryggja að fært sé að fjölsóttum ferðamannastöðum sem standa nálægt þjóðvegi og bílastæði þar séu rudd svo fólki sé kleift að heimsækja þessa staði yfir vetrartímann. Dæmi um þetta eru Goðafoss, Hverasvæðið við Námafjall og Dimmuborgir í Mývatnssveit. Á sama hátt þarf að tryggja snjómokstur á áningarstöðum við þjóðvegi landsins, því þeir eru nú notaðir allt árið um kring í sívaxandi mæli. Síðast en ekki síst þarf að gera enn betur í miðlun upplýsinga um færð og veðurskilyrði. Afar mikilvægt er að hægt sé að treysta því að upplýsingar um veður og færð séu réttar. Jafnvel getur þurft að koma til flokkun umferðar inn á ákveðnar leiðir þegar veður versnar og færð fer að spillast.

Slík flokkun getur einnig þurft að koma til á umferð á hálandisvegum. Mörg ferðarþjónustufyrirtæki byggja afkomu sína á ferðum inn á hálendið og skiptir það því miklu máli fyrir þau að geta byrjað sem fyrst að aka inn á hálendið, jafnvel áður en opnað er fyrir almenna umferð. Tilraun var gerð um slíkt fyrirkomulag vorið 2015 sem gekk vel, og æskilegt að sama fyrirkomulag verði tekið upp víðar.



Að lokum

Það er bæði stórt og afar mikilvægt verkefni fyrir höndum. Á komandi árum er nauðsynlegt að auka fjármuni til framkvæmda og viðhalds vegakerfisins svo hægt sé að byggja áfram upp okkar stærstu atvinnugrein, ferðaþjónustu. Fyrstu skrefin eru að bregðast við brýnasta vandanum og gera úrbætur þar sem vegsamgöngur eru orðnar hamlandi fyrir ferðamenn eða jafnvel hættulegar. Næstu skref eru að horfa til framtíðar og gera langtímaáætlun um uppbyggingu vegakerfisins með hliðsjón af uppbyggingu ferðaþjónustu og þörfum heimafólks. Þannig er hægt að undirbúa framtíðina og vera skrefi á undan, í stað þess að vera sífellt að bregðast við aðkallandi vanda. Það er til farvegur fyrir þetta í dag sem heitir samgönguáætlun og sjálfsagt að nota þann farveg áfram. Þar hefur þó hingað til vantað tvennt. Annars vegar að hafa hagsmuni ferðaþjónustunnar að leiðarljósi, án þess þó að ganga gegn öðrum hagsmunum að sjálfsögðu. Hins vegar að samgönguáætlun sé framfylgt, í stað þess að vera sífellt að breyta frá ári til árs og taka út eða fresta framkvæmdum.

Það er ósk okkar og von að þessar upplýsingar verði nýttar í starfi Vegagerðarinnar við gerð samgönguáætlana í framtíðinni. Við erum jafnframt tilbúin til frekara samstarfs og samráðs um þessi málefni.

Akureyri, 9. nóvember 2015

F.h. Markaðsstofu Norðurlands

Hjalti Páll Þórarinsson



Viðauki: Mikilvægur vegaf framkvæmdir á Norðurlandi

Norðurland eystra	Verkefni
Dettifossvegur	Langstærsta hagsmunamál svæðisins að klára að byggja upp Dettifossveg sem allra fyrst. Hefur gríðarlega mikil áhrif á dreifingu ferðamanna og samkeppnishæfni svæðisins
Vegur 85: Þórshöfn-Bakkafjörður (Brekkaheiði)	Klára að byggja upp og leggja bundið slitlag á malarkafli.
Kísilvegur um Hólasand	Klára að leggja bundið slitlag á malarkafli
Bárðardalur	Sárvantar bundið slitlag, slæmt ástand malarveganna stendur ferðaþjónustunni verulega fyrir þrifum á þessu svæði
Dalsmynni	Setja þarf bundið slitlag á veginn um Dalsmynni vegna sífellt vaxandi umferðar. Mikilvæg hringtenging sem er mikið notuð af ferðamönnum og ekki síður ferðaþjónustufyrirtækjum. Margir treysta sér ekki með stórar rútur á veginn eins og hann er í dag.
Langanesvegur	Auka viðhald þannig að vegurinn sé fær öllum bílum allt sumarið.
Vegur um Melrakkaslétu	Auka viðhald þannig að vegurinn sé fær öllum bílum allt sumarið.
Vegur að Stöng, og vegur frá Stöng um Engidal í Bárðardal	Mikið ekinn vegur yfir sumarið, frábær ferðamannaleið sem gefur möguleika á hringtengingu. Auka viðhald þannig að vegurinn sé fær öllum bílum allt sumarið.
Öskjuleið (F88)	Færa veglínu í gegnum hraun upp að Herðubreiðarlindum - hefла oftár - laga/stækka bílastæði
Inndalir Svarfaðardals	Setja bundið slitlag á vegi í Svarfaðardal og Skíðadal
Vegur að Skíðasvæði í Skarðsdal	Endurbæta og framlengja
Setja áfangastaði í Kelduverfi	Vantar áfangastaði við gjár/misgengi t.d. Hólsgrjá og gjá við Mörk með upplýsingum um jarðfræði svæðisins. Einnig merkja útsýnispall við Tjarnarleitistrétt með útsýni yfir Skjálftavatn.
Laga áfangastaði, Tjörnes	Merkja annars ágætan áfangastað við lundabyggð á Tjörnesi (Skeiðsöxl)
Fjölga áningarstöðum	Vantar fleiri áningarstaði, t.d. Ólafsfjarðarmegin við Héðinsfjarðargöng, en þar er mikið stoppað
Skilti um Grenivík við Vaðlaheiðargöng	Gæta þess að setja upp skilti um Grenivík og þjónustu þar þegar Vaðlaheiðargöngin opna.
Umferðaröryggi í þéttbýli við Mývatn	Huga að umferðaröryggi í þéttbýli við Mývatn vegna sívaxandi umferðar s.s. Á Skútustöðum, við Voga og í Reykjahlíð
Hjóla/göngustíg meðfram Mývatni	Leggja hjóla/göngustíg kringum Mývatn til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem sífellt fjölga.
Malbik Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði	Endurnýja þarf malbik/slitlag í gegnum bæina á Tröllaskaga, yfirborðið er orðið mjög gamalt og óslétt
Grenivíkurvegur	Bæta þarf við vegriðum á leiðinni, girða meðfram veginum (fyrir búfé)
Öxnadalshéið	Stutt göng í gegnum hæsta punkt á Öxnadalshéiði - veðravíti og oft eini þröskuldurinn á leiðinni Akureyri - Reykjavík



Norðurland vestra	Verkefni
Vatnsnesvegur	Byggja þarf upp veginn og setja bundið slitlag. Mjög mikil umferð ferðamanna er orðin um veginn, sem ekki ber umferðina og skapar mikla slyshættu. Hringtenging sem er mjög mikilvæg fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu
Brú yfir Tjarnará (Vatnsnesi)	Endurnýja þarf brúna yfir Tjarnará á Vatnsnesi, og lagfær aðkomu að henni. Öryggismál.
Skíðasvæði við Tindastól	Leggja bundið slitlag á veginn að skíðasvæðinu. Núverandi malarvegur veðst upp í drullu og ekki boðlegur þegar verið er að reyna að draga að ferðamenn á skíðasvæðið
Glaumbær	Laga og stækka innkeyrslu og bílastæði við Glaumbæ, taka niður hámarkshraða á veginum þar framhjá. Mjög fjölsóttur staður sem þarfnast úrbóta
Pingeyravegur	Bæta þennan veg og leggja á hann bundið slitlag - mjög mikil umferð að þessum vinsæla ferðamannastað
Bílastæði við Þrístapa	Nauðsynlegt að útbúa bílastæði/áningarstað við Þrístapa og laga merkingar. Sögufrægur staður þar sem mikið er stoppað - mikið öryggismál að þarna sé útbúið bílastæði
Reykjaströnd	Leggja bundið slitlag á veginn út á Reykjaströnd. Þar er að finna Grettislaug og brottfararhöfn Drangeyjarsiglinga - mjög fjölfarin leið.
Hegranes	Leggja bundið slitlag á veginn um Hegranes. Þar eru bæði stór býli og ferðaþjónustufyrirtæki sem þurfa betri veg.
Skagastrandarvegur (frá þjóvegi 1 að Laxárbrú)	Lagfæra þarf þennan kafla, hann er mjór og hættulegur fyrir sívaxandi umferð.
Kjalvegur - færa veg frá Kolkustíflu	Færa þarf veglínu frá Kolkustíflu, því núverandi vegstæði safnar miklum snjó og er oft eini farartálmi á leiðinni að Hveravöllum. Færslan myndi stórauka möguleika á notkun á veginum fleiri mánuði ársins.
Kjalvegur - byggja upp veginn	Byggja þarf upp þann hluta vegarins sem enn er niðurgrafinn (Seyðisá - Bláfell). Þetta er afar mikilvægt skref í að auka dreifingu ferðamanna um landið, sérstaklega í ljósi þess fjölda sem kemur að Gullfossi og gæti farið norður yfir ef vegurinn er betri.
Vegur um Fljót	Endurbyggja og setja bundið slitlag á veg inn Fljót. Mikil uppbygging er nú á svæðinu fyrir ferðamenn innst í Fljótum (m.a. nýtt hótél) og mikilvægt að fá góðan veg þangað
Skagavegur	Leggja bundið slitlag á veg um Skaga
Vatnsdalsvegur	Leggja bundið slitlag á veg um Vatnsdal
Svínvetningabraut	Leggja bundið slitlag á Svínvetningabraut
Vegur heim að Hólum	Laga mjótan og ósléttan veg heim að Hólum í Hjaltadal. Sífelld vaxandi ferðaþjónusta er á Hólum, háskóli ofl. Laufskálarétt er þarna rétt hjá og mjög mikil umferð um þennan veg. Landsmót hestamanna 2016 verður haldið á Hólum.
Vegur í Sæmundarhlíð	Búvélasafn er að Sólheimum - vegur sem þarf betra viðhald
Gatnamót við Laugarbakka	Þarf að breikka veg eða laga til að minnka slyshættu
Stærra plan við Hvammstangaafli.	Stækka þarf planið við afleggjara til Hvammstanga. Planið er mikið notað og orðið of lítið til að þjóna sínu hlutverki vel.



Hringtorg við Varmahlíð	Öryggismál
Jarðgöng Siglufjörður-Fljót	Klára jarðgangahring um Tröllaskaga sem hafinn var með Héðinsfjarðargöngum. Nú vantar göng frá Siglufirði að Hraunum í Fljótum. Það styttr vegalengdir og færir veginn frá mjög hættulegu núverandi vegstæði.
Áningarstaðir - photo stop	Fjölga þarf áningarstöðum og "myndastoppum" - merkja þá vel.
Reiðvegir	Fjölga og bæta - mikilvægt að reiðvegir séu sem víðast svo hestamenn þurfi ekki að vera á akvegum - mikið öryggismál með sívaxandi umferð
Vegur í gegnum Blönduós	þarf að endurbæta leiðina í gegnum bæinn, sérstaklega einbreiðu brúna
Brú yfir Norðlingafljót	"Brú yfir boðaföllin" Setja brú yfir Norðlingafljót á vegi F578
Ný veglína um Holtavörðuheiði	Myndi gagnast Norðlendingum til betri samgangna
Sundabraut	Myndi gagnast Norðlendingum til betri samgangna